

A 1918/UVU

Flytjandi	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndartillaga um atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum**Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að framkvæma kortlagningu á jafnvægi þekkingar á Norðurlöndum í því skyni að kortleggja þá framtíðarfærni sem Norðurlönd hafa þörf fyrir á komandi árum sem og, á grundvelli eftirspurnar eftir hæfu fólki, fjárfesta í faglegri fræðslu ungs fólks;

að þróa og markaðssetja tilkynningaþjónustu fyrir viðeigandi aðila til að greina stjórnsýsluhindranir að því er varðar lögvernduð starfsréttindi;

að skipa norrænan vinnuhóp í því skyni að þróa sameiginlegar aðgerðir og stjórnþæki til að vinna gegn atvinnuleysi og félagslegri einangrun ungs fólks;

að bæta samstarf vinnumiðlana á Norðurlöndum þannig að atvinnuleitendur geti fengið upplýsingar um öll laus störf á Norðurlöndunum;

að stuðla að því að gera verkmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari á Norðurlöndunum með því að skapa sameiginlegan námsvettvang um verkmenntun á Norðurlöndum, sem veitir umsækjendum um skólavist og starfsráðgjöfum heildarsýn yfir námsmöguleika í öllum verknámsskólum á Norðurlöndum;

að stuðla að því að öll Norðurlöndin þróa samningsbundið nám og sveinsnám til að geta komið betur til móts við sífellt ólíkari og breytilegri þörf fyrirtækja fyrir vinnuafli;

að skapa vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem krafist er til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu ríki ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir.



Skýring

Öll ríki Norðurlanda standa frammi fyrir sameiginlegri áskorun: öldrun íbúa, sem smám saman leggur síauknar skattbyrðar á yngri kynslóðir. Með hækkandi kostnaði við hjúkrun og umönnun og minnkandi hlutfalli fólks á vinnufærum aldri, að viðbættum breytilegum og sífelld ótryggari vinnumarkaði, höfum við bráða þörf fyrir að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi ungs fólks og útrýma félagslegri einangrun.

Við erum vitni að auknu atvinnuleysi ungs fólks og félagslegri einangrun, einkum meðal ungs fólks með stystu menntunina og lægstu tekjurnar. Aðgerðir sem miða að menntun ungs fólks og að símenntun fólks á vinnumarkaði stuðla að því að auðvelda ungu fólki að fá atvinnu og til lengri tíma litið að aðlaga sig breytilegum vinnumarkaði.

Þó að umbætur á almannatryggingakerfum landanna ættu að fara fram í hverju landi fyrir sig, gætu Norðurlöndin tekið á hluta sameiginlegra áskorana í sameiningu. Í atvinnulífi sem tekur breytingum og færast á netið hraðar en nokkru sinni fyrr þarf einnig að vera hægt að uppfæra jafnóðum menntun, þekkingu og færni í atvinnulífinu til að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins.

Í formennskuáætlun Norðmanna í Norðurlandaráði árið 2023 er áhersla lögð á ungt fólk með tilliti til loftslagsmála, félagslegrar einangrunar, geðrænna veikinda, lýðræðis, menntunar og vinnumarkaðar og þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir á tímum sem krefjast samstöðu.

Til að takast á við þessar sameiginlegu áskoranir Norðurlanda á sviði vinnumarkaðar og menntamála skiptir höfuðmáli að Norræna ráðherranefndin hvetji ríkisstjórnir Norðurlanda til að vinna í sameiningu að því að hrinda í framkvæmd framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlöndin verði sjálfbært og samþætt svæði á heimsmælikvarða árið 2030.

Með því að leggja áherslu á hvernig við getum í sameiningu uppfyllt þarfir vinnumarkaðarins í framtíðinni og tækifæri ungs fólks til menntunar og atvinnu á Norðurlöndunum öllum tryggjum við forsendur þess að viðhalda og þróa norræna velferðarkerfið.

Nefndartillagan er samin að frumkvæði Norðurlandaráðs æskunnar með ályktun sem var skilað til nefndarinnar 2022. Norðurlandaráð hefur að auki samið skýrslu „Spennandi starfsnám á Norðurlöndum“ með áherslu á tækifæri ungs fólks til starfsnáms og atvinnu á sameiginlegum mennta- og vinnumarkaði Norðurlanda.